

Sb.

55. Tillaga til þingsályktunar

[50. mál]

um rannsóknarnefnd þingmanna til að kanna rekstur, fjárfestingar, erlend umsvif og stjórnmalaleg tengsl Sambands ísl. samvinnufélaga og tengdra fyrirtækja með sérstöku tilliti til einokunaraðstöðu og markaðsdrottunar þessara fyrirtækja.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa rannsóknarnefnd skipaða sjö þingmönnum til að gera athugun á rekstri, fjárfestingum, erlendum umsvifum og stjórnmalalegum tengslum Sambands ísl. samvinnufélaga og tengdra fyrirtækja með sérstöku tilliti til einokunaraðstöðu og markaðsdrottunar þessara fyrirtækja. Störf nefndarinnar skulu einkum miðast við að leita svara við eftirtöldum spurningum:

1. Hver eru tengsl S.Í.S. og tengdra fyrirtækja við Framsóknarflokkinn og hver hefur verið hagur beggja af þessum tengslum?
2. Að hve miklu leyti hafa sérstakar frádráttarheimildir samvinnufélaga í lögum um tekju- og eignarskatt skapað S.Í.S. og kaupfélögunum viðtæka einokunaraðstöðu?
3. Í hve ríku mæli nýtur S.Í.S. og tengd fyrirtæki meiri og hagkvæmari lánaþyrirgreiðslu en annar atvinnurekstur?
4. Hver er hagur S.Í.S. og kaupfélaganna af núverandi greiðslufyrirkomulagi afurðalána?
5. Hver er hagnaður S.Í.S. og kaupfélaganna af búfjárslátrun og hvert rennur sá hagnaður?
6. Hafa S.Í.S. og kaupfélögin nær einokun á dreifingu og vinnslu landbúnaðarafurða innanlands?
7. Hvernig er háttáð sölu dílkakjöts til útlanda og sölubóknun vegna þeirrar sölu?
8. Hvernig er háttáð rekstri og fjárfestingum S.Í.S. og tengdra fyrirtækja erlendis?
9. Hvernig er háttáð samvinnu við erlend samvinnusambönd og hvert rennur hagnaðurinn af þeirri samvinnu?

10. Eru skattframtöl S.Í.S. og tengdra fyrirtækja endurskoðuð með sama hætti og gert er hjá öðrum atvinnurekstri?
11. Voru einhver tengsl á milli innflutningsbanns á kexi og brauðvörum og stofnunar kexverksmiðju Sambandsins?
12. Hvers vegna hefur S.Í.S. leitast við að efla tengsl við fjölda annarra fyrirtækja á ólíkum rekstrarsviðum og þannig skapað verulega hættu á viðtækari markaðsdrottun fyrirtækisins á nýjum sviðum líkt og gerst hefur í kexframleiðslu á síðustu missirum?
13. Að hve miklu leyti er markaðsdrottun þessara fyrirtækja í gegnum hátt vöruverð þáttur í þeirri dýrtíð, sem á undanförunum árum hefur rýrt kjör almenns launafólks á Íslandi?
14. Hvaða skýringar eru á því, að gifurleg fjárfesting S.Í.S. og kaupfélaganna í fasteignum hefur ekki leitt til hluffallslegrar lækkunar vöruverðs?
15. Hvers vegna hefur S.Í.S. og kaupfélögin kosið að nota markaðsdrottun sína frekar til eignamyndunar í stað þess að veita almenningi í landinu ódýrari þjónustu?

Rannsóknarnefndin skal hafa rétt til að krefjast skýrslugerða og vitnisburða, bæði munnlega og bréflaga, hjá hlutaðeigandi aðilum og öðrum fyrirtækjum, embættismönnum og einstaklingum. Nefndinni skal veitt fjármagn til þess að tryggja sér sérfræðilega aðstoð.

Að loknum athugasemjum sínum skal rannsóknarnefndin gefa Alþingi skýrslu og láta í ljós mat á því, hvort og þá að hve miklu leyti eignarform, rekstur og fjárfestingar Sambands isl. samvinnufélaga og tengdra fyrirtækja svo og sérstaða þeirra í löggjöf, opinberri fvirrgreiðslu og stjórnmalalegum tengslum sé í andstöðu við frjáls viðskipti og frjálsa samkeppni í þágu íslenskra neytenda.

Greinargerð.

Slíkar rannsóknir sem þessar hafa ekki tíðkast hérlandis. Með þingsályktunartillögu um rannsókn á Flugleiðum hf. og Eimskipafélagi Íslands hf. flýtur okkar nýi og ungi þingmaður, Ólafur Ragnar Grímsson, hennan þátt inn í sali Alþingis.

Í alþingiskosningunum nú í sumar urðu þær breytingar á samsetningu Alþingis, að mér er ekki ljós afstaða þingmanna til slíkra rannsóknarmála. Ef menn hafa nokkra skemmtan af slíkum rannsóknum virðist því sjálfsagt að taka í hópinn það fyrirtæki sem síálft eða í ægnum tengd fyrirtæki starfar á nær öllum sviðum íslensks atvinnulífs. Á ég hér við Samband isl. samvinnufélaga, allar deildir þess, og ýmiss tengd fyrirtæki.

Í árslok 1977 töldust Sambandsfélögin vera 49 talsins. Voru þau þessi:

Kf. Revkiavíkur og nágrennis, Revkjavík. Kf. Kjalarnesþings. Brúarlöndi. Kf. S-Borgfirðinga. Akranesi. Kf. Borðfirðinga. Borgarnesi. Kf. Grundfirðinga. Grundarfirði. Kf. Stvkkishólms. Stvkkishólmi. Kf. Hvammsfjarðar, Búðardal. Kf. Saurbæinga. Skriðulandi. Kf. Króksfjarðar. Króksfjarðarnesi. Kf. Rauðasands, Hvalskeri. Kf. Patreksfjarðar. Patreksfirði. Slf. Örlvgur, Giögrum. Kf. Tálknafjarðar, Sveinsevri. Kf. Arnfirðinga. Bildudal. Kf. Dýrfirðinga. Þingevri. Kf. Önfirðinga, Flatevri. Kf. Súgfirðinga. Suðurevri. Kf. Ísfirðinga, Ísafirði. Kf. Strandamanna, Norðurfirði. Kf. Steingrímsfjarðar, Hólmavík. Kf. Bitrufjarðar, Óspaksevri. Kf. Hrútfirðinga, Borðevri. Kf. V-Húnvetninga. Hvammstanga. Söf. A-Húnvetninga, Blönduósi. Kf. Húnvetninga, Blönduósi. Kf. Skagfirðinga, Sauðárkróki. Svf. Fljótamanna, Haganesvík. Kf. Ólafsfjarðar, Ólafsfirði. Kf. Evfirðinga, Akurevri. Kf. verkamanna, Akureyri. Kf. Svalbarðsevvar, Svalbarðsevri. Kf. Þingevinga, Húsavík. Kf. Norður-Þingevinga, Kónaskeri. Kf. Raufarhafnar, Raufarhöfn. Kf. Langnesinga, Þórshöfn. Kf. Vopnfirðinga, Vopnafirði. Kf. Fram, Norðfirði. Pf. Eskfirðinga, Eskfirði. Kf. Héraðshúa, Eðilstöðum. Kf. Fáskrúðsfirðinga, Fáskrúðsfirði. Kf. Stöðfirðinga, Stöðvarfirði.

Kf. Berufjarðar, Djúpavogi. Kf. A-Skaftfellinga, Hornafirði. Kf. Skaftfellinga, Vík í Mýrdal. Kf. Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum. Kf. Rangæinga, Hvolsvelli. Kf. Árnesinga, Selfossi. Kf. Suðurnesja, Keflavík. Kf. Hafnirðinga, Hafnarfirði.

Á vegum þessara 49 félaga fer fram fjölbætt atvinnustarfsemi auk þess sem þau tengjast með eignaraðild ýmsum sjálfstæðum atvinnurekstri í sinni heimabyggð. Öll sú upptalning væri löng og seint tæmandi.

Samband ísl. samvinnufélaga skiptist í sex deildir: 1) Innflutningsdeild, en undir hana heyrir keðverksmiðjan Holt, byggingarvörudeild og starfsmannaverslun; 2) véladeild; 3) húvörudeild, en undir hana heyrir Kjötvinnsla S.Í.S., Kirkjusandi; 4) sjávarafurðadeild, en undir hana heyrir Iceland Products Inc. í Bandaríkjunum og Framleiðni sf.; 5) iðnaðardeild, en undir hana heyrir 10 verksmiðjur í Reykjavík, Akureyri og á öðrum stöðum auk þess sem iðnaðardeildin fer með eignarhluta í 4 verksmiðjum öðrum; 6) skipadeild sem rekur 8 skip auk leiguskipa. Auk þessa má nefna skipulags- og fræðsludeild, en undir hana heyrir Samvinnuskólinn, Bréfaskoli, Samvinnan og önnur útgáfustarfsemi. Þá rekur Sambandið einnig skrifstofur erlendis, í London og Hamborg. Einnig er það þátttakandi og meðeigandi í norræna heildsölufyrirtækinu N.A.F.

Samband ísl. samvinnufélaga tengist einnig fjölda fyrirtækja sem meðeigandi, oftast stærsti eða eini eigandinn. Hér má nefna t. d. eftirtalin fyrirtæki:

Samvinnubanki Íslands hf. Samvinnuþryggingar. Andvaka. Ost- og smjörösalan sf. Samvinnuferðir hf. Olufélagið hf. Kirkjusandur hf. Reginn hf. Dráttarvélar hf. Meitillinn hf. Jötunn hf. Íslenskur markaður hf. Flugleiðir hf. o.fl., o. fl.

Það, sem hér hefur verið rakið um stærð og umsvif Sambands ísl. samvinnufélaga og tengdra fyrirtækja, er ekki neinar nýjar upplýsingar. Flestir, sem þess óska, geta aflað þeirra. Það er hins vegar undrunarefni, að Ólafur Ragnar Grímsson sem þátttakandi í KRON og fulltrúi þess á aðalfundi Sambandsins skuli ekki telja þennan atvinnurekstur efnismeira og áhugaverðara rannsóknarefni en rekstur Flugleiða hf. og Eimskipafélags Íslands hf.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt til þess að S.Í.S. og þau fyrirtæki, sem því tengjast, verði ekki útundan, ef Alþingi telur æskilegt að rannsaka starfsemi stærstu fyrirtækja landsins. Þær spurningar, sem settar eru fram í tillögum, eru samdar í sama anda og spurningar Ólafs Ragnars Grímssonar til handa Flugleiðum hf. og Eimskipafélagi Íslands hf., svo og að rannsóknin á S.Í.S. og tengdum fyrirtækjum megi verða sama eðlis og hjá hinum fyrirtækjunum.